

294. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 5. janúar 2017 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

**Mætt:**

Kristjana Hermannsdóttir  
Björn H Hilmarsson  
Rögnvaldur Ólafsson  
Júníana B Óttarsdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Svandís Jóna Sigurðardóttir  
Kristján Þórðarson  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Fyrsti varaforseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna á fundinn og óskaði þeim gleðilegs nýs árs. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

**1. Kosning forseta bæjarstjórnar.**

Tillaga kom um Kristján Þórðarson og Björn H Hilmarsson.

Tillaga J-listans um Kristján Þórðarson var felld með 3 atkvæðum gegn 4.

Tillaga D-listans um Björn H Hilmarsson var samþykkt með 4 atkvæðum. 3 sátu hjá.

Kristján óskaði Birni velfarnaðar í starfi og tók Björn við stjórn fundarins. Þakkaði hann traustið og vonaðist til að það góða samstarf meirihluta og minnihluta í bæjarstjón myndi halda áfram óbreytt. Einnig bauð hann Júníönu B Óttarsdóttur velkomna sem aðalman í bæjarstjórn.

**2. Kosning nýs nefndarmanns í félagsmálanefnd Snæfellinga.**

Bæjarstjórn samþykkti að fresta kosningu nefndarmanns til næsta fundar bæjarráðs.

**3. Fundargerðir 148. og 149. fundar menningarnefndar, dags. 1. og 19. desember 2016.**

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

**4. Fundargerð aðalskipulagsnefndar, dags. 24. nóvember 2016.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**5. Fundargerð 87. fundar stjórnar FSS, dags. 5. desember 2016, ásamt fjárhagsáætlun FSS fyrir árið 2017.**

Lagt fram til kynningar.

**6. Fundargerð 163. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 6. desember 2016.**

Lagt fram til kynningar.

**7. Fundargerð 127. fundar stjórnar SSV, dags. 23. nóvember 2016.**

Lagt fram til kynningar.

**8. Fundargerð framkvæmdaráðs Snæfellsness, dags. 15. desember 2016, ásamt stofnsamningi Bygðasamlags Snæfellinga bs.**

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða framlagðan stofnsamning Bygðasamlags Snæfellinga.

**9. Fundargerð 140. fundar heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 19. desember 2016.**

Lagt fram til kynningar.

**10. Fundargerð 390. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 7. desember 2016.**

Lagt fram til kynningar.

**11. Fundargerð 845. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. desember 2016.**

Lagt fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Björn H", "FSS", "Rb", and "SJS".

**12. Bréf frá forstöðumanni FSS, dags. 30. desember 2016, ásamt drögum að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning.**

Nokkrar athugasemdir komu fram um framlögð drög um reglur um sérstakan húsnæðisstuðning. Bæjarstjóra og bæjarritara var falið að koma þeim athugasemdum sem um var rætt til forstöðumanns Félags- og skólaþjónustunnar.

Bæjarstjórn óskar eftir að tekið verði tillit til þeirra athugasemda áður en endanlegt samþykki á reglunum fer fram.

**13. Yfirlýsing sveitarfélags varðandi stöðu lífeyrisskuldbindinga á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri.**

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að gefa bæjarstjóra umboð til að ganga frá þessum málum fyrir hönd Snæfellsbæjar.

**14. Stefna og viðbragðsáætlun Snæfellsbæjar vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis á vinnustað. Vísad til bæjarstjórnar frá bæjarráði.**

Bæjarstjórn samþykkti ofangreinda stefnu og viðbragðsáætlun samhljóða.

**15. Bréf frá félagasamtökum í Snæfellsbæ, dags. 15. desember 2016, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Röst vegna jólaballs þann 29. desember.**

Bæjarstjórn samþykkti erindið samhljóða enda fellur það undir reglur bæjarstjórnar um niðurfellingar á húsaleigu félagsheimilanna. Bæjarstjórn tekur fram að niðurfellingin á einungis við um leigu, en ekki þríf, gjöld eða annan kostnað sem til gæti fallið.

**16. Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 15. desember 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Utan ehf. um áframhaldandi rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, íbúðir, að Hellisbraut 10 á Hellissandi, Snæfellsbæ.**

Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Utan ehf. um áframhaldandi rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, íbúðir, að Hellisbraut 10 á Hellissandi í Snæfellsbæ, að því tilskildu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.

**17. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, dags. 19. desember 2016, varðandi umsögn um gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Snæfellsbæ.**

Lagt fram til kynningar.

**18. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, dags. 19. desember 2016, varðandi umsögn um gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ.**

Lagt fram til kynningar.

**19. Bréf frá Menntamálaráðuneytinu, dags. 16. desember 2016, varðandi eftirfylgni með úttekt á Leikskóla Snæfellsbæjar.**

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa erindinu til afgreiðslu og úrbóta hjá leikskólastjóra.

**20. Bréf frá Hafnasambandi Íslands, dags. 12. desember 2016, varðandi fjárlög 2017.**

Lagt fram til kynningar.

**21. Bréf frá félögum æðarbænda við Breiðafjörð, dags. 20. nóvember 2016, varðandi áskorun til sveitarstjórna við Breiðafjörð.**

Lagt fram til kynningar.

**22. Bréf frá Þroskahjálpi, dags. 7. desember 2016, varðandi húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki.**

Lagt fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "F.S.", "B. B.", "K/B", "SJS", and other illegible marks.









**23. Bréf frá stjórn Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, dags. 31. desember 2016, varðandi stöðu samningamála.**

Lagt fram til kynningar.

**24. Minnisþing bærarstjóra.**

- Bæjarstjóri fór í gegnum staðgreiðslufirlit ársins 2016.
- Bæjarstjóri ræddi um fráveitumál.
- Bæjarstjóri ræddi ljósleiðaramál.
- Bæjarstjóri fór yfir starfsemi bæjarskrifstofunnar.
- Bæjarstjóri sagði frá því að verið væri að setja upp brunaviðvörðunarkerfi í húsnaði grunnskólans í Ólafsvík og jafnframt á Lýsuhóli.
- Bæjarstjóri ræddi málefni vatnsverksmiðju í Rífi.
- Bæjarstjóri ræddi um varmadælur.
- Rætt var um áramótaball.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:26

  
Björn H Hilmarrson  
Kristjana Hermannsdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Rögnvaldur Ólafsson  
Svandís Jóna Sigurðardóttir  
Jónína B Óttarsdóttir  
Kristján Þórðarson  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari